

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur
um framlög ríkisaðila til félagasamtaka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða ríkisaðilar sem heyra undir ráðherra eru aðilar að félagasamtökum og að hversu miklum hluta? Hversu mikið hafa ríkisaðilarnir greitt í þau félagasamtök á árunum 2007–2013 í formi félagsgjalda eða með annars konar framlagi? Svar óskast sundurliðað eftir ríkisaðila, félagasamtökum og almanaksári.*
2. *Hvers konar aðhaldi og eftirliti hefur hver og einn ríkisaðili beitt til að tryggja að framlagi hans sé varið í samræmi við tilgang félagasamtakanna á árunum 2007–2013?*
3. *Hver félagasamtakanna hafa ákvæði í lögum sínum um að reikningar þeirra séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skoðaðir af félagslegum skoðunarmönnum eða með öðrum hætti? eru einhver þeirra með engin slík ákvæði?*

Við vinnslu svars við fyrirspurninni var óskað upplýsinga frá ríkisaðilum sem heyra undir forsætisráðuneytið. Samkvæmt svörum sem ráðuneytinu hafa borist eru eftirtaldir ríkisaðilar, sem heyra undir ráðuneytið, aðilar að félagasamtökum:

Umboðsmaður Barna.

Er aðili að ENOC (European Network of Ombudspersons for Children eða tengslanet umboðsmanna barna í Evrópu). Greiðslur til ENOC hafa verið sem hér segir: 2007: 500 EUR, 2008: 500 EUR, 2009: 500 EUR, 2010: 500 EUR, 2011: 1.000 EUR, 2012: 1.000 EUR, 2013: 1.000 EUR. Árleg framlög aðila að ENOC (og styrkur frá Evrópusambandinu) fara að mestu leyti í laun starfsmanns tengslanetsins. Fjármál ENOC eru rædd á aðalfundi tengslanetsins. Aðalfundur ENOC fara yfir reikninga tengslanetsins og samþykkja þá.

Þjóðminjasafn Íslands.

Er aðili að eftirtöldum félagasamtökum:

- *Íslandsdeild ICOM (alþjóðasamtök safna)*. Greiðslur til samtakanna hafa verið sem hér segir: 2007: 51.750 kr., 2008: 55.250 kr., 2009: 85.250 kr., 2010: 120.000 kr., 2011: 97.000 kr., 2012: 105.000 kr., 2013: 112.000 kr. Aðhald felst í þátttöku á aðalfundum. Endurskoðendur annast endurskoðun ársreikninga.
- *FÍSOS (félag safna og safnmanna)*. Greiðslur til samtakanna hafa verið sem hér segir: 2007: 2.000 kr., 2008: 20.000 kr., 2009: 2.000 kr., 2010: 2.500 kr., 2011: 20.000 kr., 2012: 20.000 kr., 2013: 20.000 kr. Aðhald felst í þátttöku á aðalfundum. Skoðunarmenn reikninga annast endurskoðun reikninga.
- *Samtök um sögutengda ferðaþjónustu (sameiginleg kynningarmál)*. Greiðslur til samtakanna hafa verið sem hér segir: 2007: 110.000 kr., 2008: 110.000 kr., 2009: 110.000 kr., 2010: 135.000 kr., 2011: 137.000 kr., 2012: 12.000 kr., 2013: 137.000 kr. M.a. þátttaka í kynningum. Skoðunarmenn reikninga annast endurskoðun reikninga.

- *Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu*. Greiðslur til samtakanna hafa verið sem hér segir: 2007: 5.000 kr., 2008: 1.500 kr., 2009: 5.000 kr., 2010: 5.000 kr., 2011: 5.000 kr., 2012: 0 kr., 2013: 5.000 kr. Skoðunarmenn reikninga annast endurskoðun reikninga.
- *Listahátíð í Reykjavík ses (sjálfseignarstofnun)*. Greiðslur til samtakanna hafa verið sem hér segir: 2007: 27.500 kr., 2008: 27.500 kr., 2009: 27.500 kr., 2010: 27.500 kr., 2011: 27.500 kr., 2012: 27.500 kr., 2013: 27.500 kr. Aðhald felst í árlegum fulltrúaráðsfundum. Endurskoðendur annast endurskoðun ársreikninga.